



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, ásamt Fossbúunum Pórönnu Ýr Guðgeirsdóttur, Guðjóni Leó Tyrfingssyni og Brynjari Óla Barkarsyni.

Fossbúar fengu afhent Forsetamerki BÍS

Forsetamerki Bandalags Íslenskra Skáta er veitt árlega fyrir þróttmikið rekkaskátaskarf. Skátarnir setja sér markmið sem þeir vinna markvisst að í þriju ár.

Forsetamerkið var fyrst afhent 1965 af Ásgeiri Ásgeirsyni. Síðan þá hafa rúmlega 1400 skátar orðið þessa heiðurs aðnjtandi.

Þeir Fossbúar sem fengu merkið afhent í september eru Guðjón Leó Tyrfingsson, Póranna Ýr Guðgeirsdóttir og Brynjar Óli Barkarson. Þau eiga það sameiginlegt að hafa starfað af miklum krafti allan þann tíma sem þau hafa verið innan raða Fossbúa. Þau hafa öll verið óþreytandi við að leggja félag-

inu lið, tekið þátt í skipulagi og framkvæmd ýmissa skátaviðburða, sott skátamót erlendis jafnt sem innan lands. Þá hafa þau verið foringjar um nokurra ára skeið og sýnt félagini tryggð þó búseta hafi jafnvel verið utan Árborgar.

Veðrið setti mark sitt á liðna helgi

Fyrsti snjórinn, svo heitið getur, lét sjá sig Sunnanlands liðna helgi. Íbúar vöknudu flestir við alhvít jörð á sunnudagsmorgni. Snjóinn tók þó fljótt upp en slagveðursigning fylgdi með aðfaranótt mánudags. Prátt fyrir stutt stopp var snjórinn mörgum til trafala, enda ekki allir komnir

á vetrardekk. Meðal annars lokaðist Hellisheiðin um tíma þar sem illa búnir bílar komust ekki leiðar sinnar og stöðvuðu umferð. Þá stöðvaðist umferð um Reynisfjall vegna vonskuveðurs á sunnudagskvöldinu en fjöldi ökumanna hafði lent í vandræðum í Mýrdalnum vegna winds og krapa.



Mynd: Úr safni Dagskrárnar.



Pollóween-hefðin heldur áfram

Pollóween-skammdegishátiðin verður haldin í fjórða sinn í Þorlákshöfn dagana 25.-30. október.

Sem fyrr er lögð mikil áhersla á fjölbreytta viðburði þar sem allir geta fundið eitt-hvað hræðilega spennandi sem vekur áhuga og ef til vill svoltinn taugatrekking. Það verða draugahús fyrir bæði börn og fullorðna, flóttaherbergi (escape

room), bílabíó, ónotaleg sundstund, skelfileg skrautsmiðja, kökuskreytingakeppni, grikkur eða gott, hryllingssögukeppni í samstarfi við rithöfundinn Ævar Þór Benediktsson, Nornaþing og svo margt fleira. Samtals er um að ræða 16 viðburði auk ljósmynda- og skreytingakeppni.

Pollóween er samfélagslegt verkefni þar sem hópur af konum úr þorpinu leggur fram hug-

vit og mikla sjálfbóðavinnu til að gera skammdegið skemmtilegra og búa til vettvang fyrir fólk á öllum aldri til að eiga saman ógleymanlegar stundir. Hátiðin er fjármögnuð í samstarfi við Sveitarfélagið Ölfus og aðra velunnara Pollóween.

Dagskrána og nánari upplýsingar er að finna á Facebook-síðu Pollóween.

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

**FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA**

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



ÍSLÉNSKT

LÁTTU PAÐ GANGA



Sendibílar á Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](#)



HROSSARÆKTARSAMTÖK SUÐURLANDS

Almennur félagsfundur verður haldinn í Rangárhöllinni við Hellu mánudaginn 25. okt. 2021, kl. 20.

Fundarefnið er aðild hrossabænda og annarra hrosseigenda að Bændasamtökum Íslands.

Málshefjendur eru Sveinn Steinarsson formaður F.H. og Unnsteinn Snorrason. Þeir fara yfir stöðuna og svara fyrirspurnum.

Stjórn H.S. hvetur félagsmenn sína og aðra áhugamenn um hrossahald til að mæta og kynna sér málin. Nýskipan mála innan félagskerfis bændasamtakanna í landinu fela í sér grundvallarbreytingar og skipta því hrossahaldendur miklu máli.

Stjórnin

Söfnuðu tæpum 500.000 kr. á bleikum degi

Fjölmargir lögðu leið sína á hársnyrtistofuna Lobbýið á Selfossi á laugardaginn sl. Tiltefnið var söfnunarátak fyrir Krabbameinsfélag Árnessýslu, en þá gafst fólk kostur á að koma í klippingu, skeggsnyrtingu, blástur eða hárþvott og allur ágóðinn myndi renna til Krabbameinsfélagsins. Söfnunin gekk vonum framar og náðu þau að safna samanlagt 490.300 kr. í gegnum þjónustu og vöru-sölu, en þar af söfnuðust 54.000 kr. í gegnum sölu á bleiku hárburstunum, sem rann beint til Krabbameinsfélags Íslands.



Starfsfólk Lobbýsins var mjög ánaegt eftir daginn.



Kórstarfið eðlilegt á ný í ML

Áldrei áður hafa svo margir nemendur verið skráðir í kórinn eða 144 talsins og því fara sameiginlegar æfingar að mestu fram í íþróttahúsini, en raddæfingar í skólanum. Mikill hugur er kórfélögum, enda stefnt að utanlandsferð í apríl á næsta ári.

Í lok september voru æfingabúðir kórsins haldnar og að þessu sinni að Laugarvatni, enda aðstaðan þar góð til æfinga. Æft var frá eftirmiðdegi á föstudagi og fram að hádegi á sunnudegi.

Dagskrá helgarinnar var fjölbreytt þar sem fram fóru stífar æfingar, ýmist í hópum eða með öllum hópnum. Kvöldvakan á sínum stað þar sem farið var í leiki, sungið og auðvitar flutt skemmtiatriði sem hver rödd hafði undirbúið þ.e. sópran, alt, tenor og bassi.

Þá fóru kórfélagar í stutta Zumba kennslastund hjá Margréti kennara skólans og mátti sjá afrakstur þeirrar kennslu á

tónleikunum sem fram fóru kl. 16 á laugardeginum í íþróttahúsini.

Á sunnudagsmorgnunum hófst svo undirbúingur að næsta verkefni sem eru jólatónleikar kórsins. Við fengum til liðs við okkur góða gesti, eldri kórfélaga þau Elvu Rún Pétersdóttur, Þorgerði Sól Ívarsdóttur, Glódísí Pálmadóttur, Andrés Pálmasón, Hermund Hannesson og Guðmund Heiðar Ágústsson. Eins og þeirra var von og vísa gekk kennslan vel og viljum við pakka þeim karlega fyrir hjálpinu.

Pess má að lokum geta að laugardagstónleikarnir voru þeir fyrstu sem kórinna hefur haldið síðan í desember 2019 og því mikil eftirvænting bæði hjá kórfélögum sem og gestum að upplifa aftur eðlilegt tónleikahald. Í stuttu máli sagt tókust tónleikarnir vel og hlökkuum við til að undirbúa næstu tónleika sem verða í Skálholti 25. og 26. nóvember næstkomandi.



Um konunglega glæpa-menn í Bókakaffinu:

Einar Már á bókakynningu

„Ég hygg að það sé tölvverð gæfa fyrir hvert þjóðfélag að eiga dálitið af stórglæpamönnum. Árnessýsla var svo hamingjusöm að hafa átt fáeina konunglega glæpamenn,“ segir Einar Már Guðmundsson rithöf-undur sem kynnar nýja bók sína í Bókakaffinu á Sel-fossi fimmudagskvöldið 21. október kl. 20. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Bók Einars, sem víkur meðal annars að Kambsráinu í Flóa, heitir Skáldleg afbrotafræði og er 33. bók þessa ástsæla höfundar sem á uppruna að rekja hér aust-anfjalls. Því er mjög við hafi að fyrsta almenna kynning bókar um hina konunglegu glæpamenn sé haldin á Sel-fossi.

BEIKON BORGARA

mÁL tíð

BACON BURGER MEAL

1.595 kr.



*Gos úr vél frá CCEP fylgir með
Tilboð gilda út 30.-31. október 2021

N1 Hvolsvöllur



Frá Kvenfélagi Biskupstungna

Jólamarkaðurinn okkar er loksins aftur á dagskrá eftir Covid-hlé í fyrra en hann verður haldinn í Aratungu 27. nóvember. Áhugasamir þattakendur geta pantað sölubord hjá Gunni Ösp í síma 693 0132 eða gunnar80@gmail.com.

Það er alltaf líf og fjör hjá konunum í Kvenfélagi Biskupstungna. Þratt fyrir Covid þá hefur kvenfélagið haldið úti öflugu starfi og brallað ýmislegt gaman saman. Við höfum farið í hinrar ýmsar göngur, í fyrra var þema að ganga sem mest meðfram Tungufljóti og var það svo núna á þessu ári sem við gengum síðasta spölinn að upptökum árinna. Við skipulögðum magadansnámskeið með Margréti Erlu Maack í maí. Vorfundur félagsins var haldinn í Friðheimum og sýndi Knútur okkur þessa glæsilegu garðyrkjastöð. Í ágúst skipulögðum við dagsferð fyrir eldri borgara í Biskupstungum sem endaði með kvöldverði í boði kvenfélagsins á Hótel Læk í Rangárþingi. Haustfundurinn var haldinn í Bergholti, þar mætti Dóra Svavarsdóttir matreiðslumeistari og



fræddi okkur um matarsóun og matarmeðvitund. Við höfum verið með vinnustundir í óskaspjaldagerð og kransagerð. Næst ætlum við að hittast á jólfundi í Skálholti í desember, byrjun í kirkjunni þar sem Jón Bjarnason leikur fyrir okkur jólaóskalög-in við orgelið, pakkaleikurinn skemmtilegi verður á sínum stað og jólasnittur og glögg að hætti Bjarka á veitingastaðnum.

Við höfum staðið fyrir tveimur móttökum á árinu en tekjur af slíku eru okkar helsta fjárlun-

arleið. Heilsugæslan í Laugarási hlaut two styrki frá okkur á árinu, ómtæki sem bæði nemur hjartslátt í fóstrum svo og æðaslátt í fótleggjum fólks á öllum aldri og þvagmæli sem mælir magn þvags í þvagblöðru.

7 nýjar konur hafa gengið til liðs við okkur sl. 12 mánuði og við bjóðum fleiri konur velkomnar í þennan skemmtilega félagsskap!

Kvenfélag Biskupstungna

Jöklar eins og íspinnar í sólinni

Fullyrða má að í námi nemenda hefur áhersla aukist á að örva skapandi hugsun á öllum skólastigum. Er það á pari við þá þróun sem orðið hefur í kennsluháttum og viðhorfum til náms á tímum upplýsingatækni í skólastarfi. Staðreyndabundna þekkingu er ekki eins mikilvægt að kenna og áður var. Nemendur sækja sér hana eftir margvíslegum leiðum á rafrænu formi. Þess vegna er í auknum mæli lögð áhersla á færni og hæfni til að vinna úr upplýsingum, túlka og skapa.

Nemendur í grunnnámi íslensku, fyrsta þepi, hafa að undanförnu verið að lesa og ræða um söguna Fjallaverksmiðja Íslands eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Sagan segir frá sjö ungmennum sem láta sig afdrif jarðarinnar miklu skipta og gera eitt og annað til að forða henni frá þeiri vá sem að henni steðjar. Í tengslum við söguna vinna nemendur margs konar verkefni undir stjórn



Guðbjargar Dóru Sverrisdóttur. Eitt verkefnanna er að semja ljóð sem á einhvern hátt er tengt náttúrunni. Ljóðið Heimurinn brennur er afrakstur af sam-

vinnu þriggja nemenda. Þetta magnaða ljóð endurspeglar þá sýn sem þeir hafa á náttúruna í heimi okkar.

-jöz.

Heimurinn brennur

Hlýnun jarðar er ekki góð fyrir heiminn jöklar bráðna eins og íspinnar í sólinni á næstkomandi árum munu fjörur eyðast og sjávardýr hverfa í djúpan dauðann græðgi mannsins gleypir jörð og börnin erfa ónýtt land gamli skarf sofa rótt og heimurinn brennur eins og sina.

Gáta vikunnar

Upp á loft ég ykkur hjálpa oft og tíðum.
Ég er búinn til úr taumum.
Til ég varð í Jakobs draumum?



Svar við gátu í blaði 2619: PÚFA
1. lína: Féþúfa - 2. lína: Hundapúfa
3. lína: Túnþúfa

Vísagáttur - Höfundur:
Ármann Dalmansson
Útg.: Bókaútgáfan SKRUDDA

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur vikunnar er Sverrir Pálsson.



Ég vil þakka einum af mínum bestu vinum Hirti Leó Guðjónssyni fyrir traustið og hrósið. Ég kann fátt meira að meta en einfalda og góða íslenska matseld og á ég móður minni það að þakka. Fáir skyndibitarnir rötuðu inn á kvöldmatarborð í mínum upp vexti en kjúklingur hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér. Því fannst mér upplagt að elda eins og einn heilann kjúkling fyrir ykkur í dag. Ég mun einnig bjóða upp á gamla og góða uppskrift að banana brauði.

Kjúklingurinn er tilbúinn. Einning finnst mér gott að hafa gular baunir með. Safinn er þá tekinn af og hitað í potti með nóg af smjöri. Kokteilsósa er svo haft til hliðar enda yfirburðarsósa með flestu

Bananabrauð

2 egg
2 dl sykur
3 dl hveiti
2 tsk. lyftiduft
2 tsk. vanillusykur
1 tsk. kanill
2 bananar
½ dl mjólk
50 gr. smjör

Oftast þegar ég fer í kjörbüð gríp ég nokkra banana og reglulega liggja þeir undir skemmdum. Þá finnst mér upplagt að henda í banana brauð svo þeir fari ekki til spillis. Stillið ofninn á 175°.

Egg og sykur þeytt saman í skál. Hveiti, lyftidufti, vanillusykur og kanil hrært saman við. Stöppuðum banönum, mjólk og bráðnu smjöri bætt við. Deig sett í smurt brauðform og inn í ofn í 45 mínútur.

Að lokum skora ég á Skúla Geir Ólafsson sem er þekktur fyrir bestu sósur sunnan Ingólfstjalls.

Skorað er á Skúla Geir Ólafsson sem næsta matgæðing.

Matgæðingar eru beðinir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku*

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS



*Samkvæmt Gallup-könnun
okt. – nóv. 2018



Við trúum á góðar hugmyndir

Við viljum vera hreyfiafl til góðra verka í samfélagini.
Í nóvember verða veittir styrkir úr Frumkvöðlasjóði
Íslandsbanka til verkefna sem styðja við þau fjögur
heimsmarkmið sem bankinn leggur sérstaka áherslu á:

4 MENNTUN
FYRIR ALLA



5 JAFNRÉTTI
KYNJANNA



9 NÝSKÖPUN OG
UPPBYGGING




13 ADGERBIRÍ
LOFTSLAGSMÁLUM



Opnað hefur verið fyrir umsóknir. Alls verða um 10 styrkir
veittir og nema þeir frá 1-5 milljónum króna á hvert verkefni.

Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember 2021.

Umsóknareyðublöð og allar nánari upplýsingar má
finna á islandsbanki.is/frumkvodlasjodur



Stjórn Framsóknarfélags Árborgar
boðar til félagsfundar 28. okt.
kl. 20:00 á Eyravegi 15.

Félagar hvattir til að mæta.
Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin



Astkær móðir okkar, tengdamóðir, amma,
tengdaamma og langamma,

SÓLRÚN ÓLAFSDÓTTIR
bókari og fyrrv. bóndi
Kirkjubæjarklaustri II



varð bráðkvödd föstudaginn 8. október.
Hún verður jarðsunginn frá Prestsbakkakirkju á Síðu
laugardaginn 23. október klukkan 13.

Guðrún Lárusdóttir Pórarinn Leifsson
Fanney Ólöf Lárusdóttir Sverrir Gislason
Kristín Lárusdóttir Guðbrandur Magnússon
barnabörn og barnabarnabarn

Basar Basar Basar Basar

Okkar árlegi basar handavinnuhóps
Rauða krossins í Árnessýslu verður
haldinn

Laugardaginn 23. október
frá kl. 10 til 14 að
Eyravegi 23 Selfossi.

Glæsileg handavinna á mjög góðu
verði. Tilvalið í jólapakkann.

Hægt verður að nálgast handverk
síðan á opnumartíma skrifstofu:

Mánud: kl. 13 til 15
Þriðjud: kl. 11 til 15
Miðvikud: 13 til 15
Fimmtud: 10 til 14



Rauði kross Íslands
Árnesingadeild

Bækur sem fá mig til að sjá lífið í nýju ljósi segir lestrarhesturinn Eyjólfur Már Sigurðsson

Eyjólfur Már Sigurðsson er fæddur og uppalinn á Sel-fossi. Hann nam málvísindi og kennslufræði í Frakklandi eftir B.A. próf í frönsku frá Háskóla Íslands. Núna er hann forstöðumaður Tungumálamiðstöðvar þess sama skóla.

Hvaða bók eru að lesa núna?

Ég er að lesa *Over the Rainbow* eftir hina frönsku Constance Joly og ljóðabókina *Ég þakka* eftir Sigurð Ingólfsson. *Over the Rainbow* er frábær lesning sem vinkona míni og Paríssardaman Kristín Jónsdóttir gaukaði að mér. Ég reyni að lesa eins mikil og ég get á frönsku til að halda henni við. Ljóðabókin *Ég þakka* er þakkargjörð til lífsins, listarinnar og ástarinnar. Einföld en mjög falleg og einlæg ljóð frá einu af okkar bestu nýlifandum skáldum.

En hvers konar bækur höfða helst til þín?

Bækur sem fá mig til að sjá lífið í nýju ljósi. Fyrst og fremst skáldsögur en líka ljóð.

Ertu alinn upp við bóklestur?

Bæði foreldrar míni og eldri systkini lásu mikið en ég held að Hrönn systir hafi toppað alla í fjölskyldunni (enda bókasafnsfræðingur í dag). Líklega var það hún sem kenndi mér að lesa og fyrsta bókin sem ég man eftir *Benni og Bára*. Bækur Enid



Eitthvað sem ein-kennir lestrar-venjur þínar?

Vinnu minnar vegna þarf ég að lesa mikil af texta sem er gjör-snæddur allri ljóðrænu svo það er góð hvíld að lesa lýriska texta, það er fagur-bókmenntir, bæði ljóð og skáldsögur. Eins og svo margir þá les ég mest á kvöldin og get eiginlega ekki sofnað án þess. Ég er oft með margar bækur



Blyton voru míni helsta afspreying lengi vel ásamt *Tinna*, *Ástríki* og *Lukku Láka* en svo tóku Hamm-ond Innes & Co við og ég varð fastagestur á bókasafninu hjá Pétri í Austurkoti. Ég á nokkrar uppáhaldsbækur en ef ég ætti að nefna bara eina þá yrði það líklega *Óðaðleikinn* eftir Milan Kundera. Í þeirri bók er skáld-söguformið tekið á nýtt stig.

Í gangi í einu og er mjög fljót-ur að gefast upp á þeim ef þær höfða ekki til míni.

Einhverjir uppáhaldshöfundar?

Ég á mér marga uppáhaldshöfunda og líklega er það lýrkin í textum þeirra sem heillar mig. Sem dæmi má nefna: Milan Kundera, Michel Houellebecq, Leïla Slimani, Gabriel García Márquez, Jón Kalman Stefánsson, Auði Övu Ólafsdóttur, Bergþóru Snæbjörnsdóttur, Friðu Ísberg, Sigurð Ingólfsson...

Hefur bók einhvern tím-ann rænt þig svefni?

Já, en margar þeirra hafa líka flutt mig fljótt og örugglega yfir í draumalandið.

En að lokum Eyjólfur, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Ljóðabækur.

Lestrarhestur númer 127.
Umsjón Jón Özur Snorrason

Fyrirmynadarfyrirtæki á Suðurlandi 2021

Viðskiptablaðið og Keldan hafa tekið saman lista yfir þau fyrirtæki, sem standa upp úr á Íslandi og eru þar með öðrum til fyrirmyndar í rekstri.

Til þess að komast á listann þurfa fyrirtæki að uppfylla ströng skilyrði. Fyrirtækin þurfa að hafa skilað ársreikningi fyrir rekstrarárin 2020 og 2019 en rekstrarárið 2018 er einnig notað til viðmiðunar. Þau þurfa að hafa skilað jákvæðri afkomu 2020 og 2019 og tekjurnar þurfa að hafa verið yfir 30 milljónir króna hvort ár. Ennfremur þurfa eignir fyrirtækjanna að hafa verið yfir 80 milljónir króna í lok áranna 2020 og 2019, Eiginfjárlutfall fyrirtækja þarf að hafa verið yfir 20% í lok áranna, nema í tilviki bankanna.

Pessu til viðbótar er tekið tillit til annarra þátta, sem metnir eru af Viðskiptablaðinu og Keldunni. Að pessu sinni komast 1.019 fyrirtæki á listann eða um 2,2% fyrirtækja landsins.

Fyrirtæki á Suðurlandi sem komast á listann eru 66 (í úttekt Viðskiptablaðsins voru fyrirtæki

á Höfn talin með Austurlandi) sem er um 6,5% allra fyrirtækja á listanum.

Það er athyglisvert að skoða hvar á Suðurlandi fyrirmynadarfyrirtækin eru skráð og gaman að sjá að öll 15 sveitarfélögin á

Höfundur: Brynja Hjálmtýsdóttir, Háskólaþálfag Suðurlands og rádgjafi á vegum SASS.



Gróðursettu tæpa hálfa milljón birkiplantna í september

Starfsfólk verktakans Gone West hefur nú lokið gróðursetningu sem líklega er ein sú stærsta sem um getur í sögu skógræktar á Íslandi, þar sem einn hópur gróðursettur á sama svæði. Hópurinn gróðursetti hátt í hálfa milljón birkiplantna á Hekluskógasvæðinu og upp í Hrauneyjar í nýliðnum septembermánuði.

Alls voru gróðursettar 456.000 birkiplöntur í um 210 hektara svæði og gekk gróðursetning mjög vel. Starfsfólk Gone West er mjög vel þjálfað og því er vel vandað til verka sem eykur mjög líkurnar á að plönturnar lifi og komist í vöxt. Lítils háttar nætur frost setti örlið strik í reikninginn fáeina morgna en plöntur þiðnuðu þegar kom fram á daginn og komust heilar í jörð.

Og ekki er allt upp talið enn því annar verktaki, Guðjón Helgi Ólafsson, vinnur nú, ásamt Einari Páli Vigfússyni, að gróðursetja um 100.000 birkiplöntur neðar á sama svæði. Í allt verður því talsvert meira en hálf milljón birkiplantna komið í jörð á Hrauneyjasvæðinu áður en vetrar.

Þeir reitir sem nú hefur verið gróðursett í eru hugsaðir sem fræbankar fyrir framtíðina, að birkið séi sér sjálft úr þeim yfir nærliggjandi svæði á næstu áratugum. Ef vel tekst til mun birkið breiðast með

sjálfsáningu yfir á þúsundir hektara í nágrenninu. Skógræktin hefur haft yfirumsjón með þessum verkefnum í samvinnu við Landgræðsluna sem unnið hefur að uppgreðslu á þessum svæðum á undanfönum árum. Þar hefur m.a. verið notað kjötmjöl til að koma næringu í landið og lífrænum ferlum í gang. Næsta vor stefnir Landgræðslan að því að bera á svæðin sem gróðursett var í nú í september. Plönturnar koma flestar frá Sólskógunum í Kjarnaskógi, en einnig frá Kvistabæ í Biskupstungum. Hefur starfsfólk Skógræktarinnar á Suðurlandi flutt plönturnar upp á gróðursetningarsvæðin, ásamt flutningafyrirtæki. Nú er verið að flytja alla tómu bakkana í dreifingarstöð og er það eitt og sér ærinn starfi. Þaðan verða bakkarnir fluttir í gróðrarstöðvar og þar sem sáð verður í þá aftur að vori.

Gone West er fyrirtæki sem vinnur að gróðursetningu trjáplantna í nokkrum löndum Evrópu. Frá því að starfsemin hófst árið 2013 hefur starfsfólk þess gróðursett yfir fjórar milljónir plantna. Markmiðið með starfseminni er að bæta hag umhverfis og samfélaga fólks um allan heim með því að búa til siðræn, græn störf og aðstoða við að koma upp heilbrigðum vistkerfum eða endurheimta horfin landgæði.



Byggðaráðstefnan 2021 – „Menntun án staðsetningar“

Byggðaráðstefnan 2021 verður haldin dagana 26. og 27. október nk. á Hótel Kötlu í Mýrdal. Yfirschrift ráðstefnunnar er „Menntun án staðsetningar“ og að henni standa Byggðastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), Háskólaþing Suðurlands og Mýrdalshreppur.

Tilgangur ráðstefnunnar er að tengja saman fræðilega og hagnýta þekkingu á byggðaþróun með það að markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun byggðar um allt land. Ráðstefnan er vettvangur fólkis úr háskólam, stjórnsýslu, sveitarstjórnunum og annarra sem áhuga hafa á byggðaþróun og menntamálum. Leitast verður við að ná fram ólíkum sjónarmiðum þeirra sem vinna að rannsóknun og stefnumótun á vettvangi byggðamála með áherslu á menntamál.

Skráning á ráðstefnuna er á netfanginu
katla@keahotels.is

Í skráningunni komi fram nafn, heimilisfang, stofnun/fyrirtæki og hvort óskað er eftir gistingu. Slóð á greiðslu á ráðstefnugjaldi og gistingu á Hótel Kötlu verður send þáttakendum í tölvupósti í framhaldinu.

Ráðstefnugjald er kr. 15.000, innifalið eru veitingar, ráðstefnugögn og fyrirtækjaheimsóknir.

Skráningarfrestur er til og með föstudagsins 22. október.

Ráðstefnunni verður streymt og slóðin birt á síðu Byggðastofnunar, byggdastofnun.is er nær dregur.



**BYGGÐARÁÐSTEFNAN
2021**



**HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS**

FLENSUSPRAUTA

**Bólusetning gegn inflúensunni
hefst mánudaginn 25. október
á Heilsugæslunni á Selfossi**

Athugið að Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við inflúensubólusetningar.

Frá 25. október til 8. nóvember frá kl 15:00-16:00 geta því einungis eftifarandi áhættuhópar pantað tíma í flensusprautu:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Barnshafandi konur.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

Frá og með 15. nóvember geta aðrir pantað tíma í flensusprautu.

Athugið að æskilegt er að það líði a.m.k. tvær vikur milli inflúensubólusetningar og COVID 19 bólusetningar.

Tímapantanir eru í síma 432-2000.

íþróttir



Einar var markahæstur ásamt Alexander Egan Ljósmynd: Umf. Selfoss/Sigurður Ástgeirsson.

Elja Selfyssinga skilaði jafnri stöðu

HANDBOLTI Selfyssingar gerðu 31-31 jafntefli gegn slóvenska liðinu Jerusalem Ormož í fyrri leik liðanna í 2. umferð Evrópubulkars karla í handbolta en leikurinn fór fram í SET-höllinni á Selfossi á laugardag. Síðari leikur liðanna fer fram í Slóveníu um helgina og ljóst að framundan er spennandi leikur þar sem allt getur gerst.

Selfoss byrjaði leikinn betur en þegar á leið náðu gestirnir betri tökum á leiknum og

komust yfir. Voru þeir meira og minna með yfirhöndina og leiddu í hálfleik 14-16. Það leit ekki vel út í seinni hálfleik og þegar tvær mínumútur voru eftir leiddu gestirnir 28-31 en leikmenn Selfoss náðu að jafna metin af miklu harðfylgi með því að skora þrjú síðustu mörkin.

Mörk Selfoss: Einar Sverrisson 8/2, Alexander Már Egan 8, Hergeir Grímsson 6, Ragnar Jóhannsson 4, Richard Sæbjörn Sigurðsson 3, Tryggvi Þórisson

1 og Árni Stein Steinþórsson 1. Ánægjulegt að Tryggvi og Árni Stein léku sína fyrstu leiki á tímabilinu. Vilius Rasimas varði 8 skot og Sölvi Ólafsson 1.

Næsti leikur er gegn Stjörnunni í Olíðseildinni á heimavelli í kvöld klukkan 19:30 en strax á fimmtudagsmorgun fljúga Selfyssingar til London og þaðan til Zagreb í Króatíu á föstudag og þaðan tekur við rútuferð til Ormož þar sem liðin mælast í seinni leiknum á laugardag.



Hamarsmenn fagna stigi.

Hamarsmenn enn með fullt hús

BLAK Úrvalsdeildarlið Hamars í blaki karla er enn með fullt hús stiga eftir öruggan sigur á Fylki í Hveragerði í kvöld.

Fylkismenn áttu á brattann að sækja allan leikinn. Mótsprynnan var mest í fyrstu hrinu en fór svo minnkandi. Fór svo að Hamar vann leikinn 25-18, 25-15 og 25-14, samtals 3-0. Maður leiksins var Wiktor Mielczarek kantmaður Hamars en hann var

stigahæstur í leiknum með 12 stig, þar af 8 skoruð með smassi, 3 úr uppgjöf og 1 úr hávörn. Stigahæstur í liði Fylkis var Alexander Stefánsson með 7 stig.

Hamar er eftir leikinn í 2. sæti deildarinnar með 12 stig eftir fjóra leiki en HK er á toppnum, einnig með fullt hús stiga en Hamarsmenn eiga leik til góða.

Tap gegn ÍR

HANDBOLTI Selfoss tapaði á heimavelli gegn ÍR í Grill66-deildinni á föstudag með átta marka mun, 36:28, í þriðju umferð deildarinnar. Þetta var fyrsta tap Selfossliðsins sem hafði unnið tvo fyrstu leiki sína. Staðan í hálfleik var 19:16. Það var skarð fyrir skildi að Tinna Sigurrós Traustadóttir lék ekki með Selfossliðinu að þessu sinni en hún var næst markahæsti leikmaður liðsins eftir tvo fyrstu leikina.

Mörk Selfoss: Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir 6, Rakel Hlynsdóttir 5, Inga Sól Björnsdóttir 5, Emelía Ýr Kjartansdóttir 3, Tinna Sofía Traustadóttir 3, Roberta Stropus 3, Krístin Una Hólmarsdóttir 2 og Hugrún Tinna Róbertsdóttir 1.

-Umf. Selfoss



Slæmur varnarleikur banabiti Selfoss

KÖRFUBOLTI Lið Selfoss mætti Sindra í 4. umferð 1. deildarinnar í Gjánni í Valla-skóla í kvöld. Gestirnir voru með yfirhöndina allan leikinn og unnu sannfærandi sigur, 86-101.

Sindri byrjaði leikinn mun betur. Gestirnir fengu mikið af auðveldum körfum í leikhlanum og varð munurinn mestur

14 stig í stöðinni 11-25. Selfyssingar náðu aðeins að klóra

í bakkann og voru búinir að minnka muninn í 19-30 í lok leikhlutans. Liðsmenn Sindra héldu uppteknum hætti í 2. leikhlnuta, þeir héldu áfram að fá auðveldar körfur og nýttu færin sín vel. Þegar liðin fóru inn í hálfleik voru gestirnir búinir að auka muninn í 38-54, með 54% skotnýtingu á móti 35% heimamanna. Seinni hálfleikur byrjaði betur fyrir heimamenn sem skoruðu fyrstu 8 stig strax í upphafi leikhlutans og náðu að minnka muninn í 10 stig.

Gestirnir voru alltaf fljótir að svara öllum áhlaupum og héldu sínu myndarlega forsíki 60-76 þegar liðin fóru inn í fjórða leikhlnuta. Byrjunin á lokaleikhlanum var besti kafla Selfyssinga sem er meiddur á tā.

-brv



Frá skáknámskeiði í Fischersetri

Sunnudaginn 17. okt. nk. kl. 11:00 hefst skáknámskeið fyrir grunnskólabörn í Fischersetri. Námskeiðið er haldið í samstarfi við Sveitarfélög Árborg, Skákskóla Íslands og Skákfélag Selfoss og nágrennis. Helgi Ólafsson, stórmistari og skólastjóri Skákskóla Íslands hefur yfirumsjón með kennslunni. Þetta verða 8 skipti eða einu sinni í viku og þá á sunnudögum frá 11:00 – 12:30 og kostar allt námskeiðið 4000 kr.



Varðandi frekari upplýsingar þá vinsamlegast hringið í síma 894 1275 eða sendið tölvupóst á netfangið fischersetur@gmail.com. -Fischersetrið á Selfossi.

Forvarnadagur - sviðsetning á slysi

Miðvikudaginn 6. október var haldinn Forvarnadagur fyrir nemendur og starfsfólk Menntaskólangs að Laugarvatni. Sérstök áhersla var lögð á forvarnir í þágu umferðaröryggis en nemendur skólangs eru 150 talsins á aldrinum 15 - 18 ára. Peir eru því margir komnir með ökurtindum eða eru í undirbúningi fyrir það. Umræðan einskorðaðist ekki við akstur bíla heldur var einnig komið inn á ýmis atriði er varða öryggi við t.d. akstur rafhlupahjóla, reiðhjóla og meira að segja reiðmennsku.

Erindi voru flutt í sal skólangs og spunnust áhugaverðar umræður milli fyrirlesara og nemenda sem gefinn var kostur á að spryja spurninga. Þarna skapaðist mikilvæg nánd við nemendur milli löggreglu, fólk sem annast hefur rannsóknir á umferðarslysum og sérfræðinga Samgöngustofu sem fluttu erindi um þá hættu sem stafar af notkun snjalltækja meðan á akstri stendur. Það erindi leiðrétti þann misskilning margra

að engin alvarleg slys hljótist af notkun slíksra tækja við akstur.

Að loknum erindum var farið með nemendur út fyrir skóllann þar sem við þeim blásti bíflak sem í voru sex slasaðir einstaklingar. Innan skamms komu löggregla, sjúkraflutningamenn og slökkvilið í forgangskstri á vettang og tóku til við að bjarga slösudum. Klippa þurfti bílinn til að komast að einum farþeganna. Aftast í bílum var sjötti einstaklingurinn í bíl sem gerður er fyrir aðeins fimm. Sá hafði

kastast til enda ekkert sæti né öruggisbelti fyrir hann og reyndist hann láttinn. Ítrekað skal að þetta var allt sviðsett og sýndu við-bragðsaðilar mikla fagmennsku svo ekki sé talað um leikarana sem léku þá sem voru slasaðir.

Nemendur og starfsfólk fór að loknum þessum degi margs vísari um hve miklar og alvarlegar afleiðingar geta orðið af notkun snjalltækja, áfengis- og vímuefnaneyslu, hraðaksturs, breytu við akstur og margs annars.



Bleika boðið 2021

**Föstudaginn 29. október á Hótel Selfossi
Hús opnað kl. 19:30 - Dagskrá hefst kl. 20:30**

Okkar stærsta hátið og fjároflunar viðburður verður haldinn föstudagskvöldið 29. október næstkomandi á Hótel Selfossi.

Húsið verður opnað kl. 19:30 og hefst dagskrá kl. 20:30, góð tilboð á drykkjum og lettar veitingar í boði Hótel Selfossi.

Veislustjóri kvöldins verður hin stórkemmtilega Anna Margrét ofur-hjúkrunarfræðingur og matgæðingur sem líklega er þó þekktust fyrir að sjá spaugilegu hliðina á lífinu.

Happdrætti okkar er nú stærra og magnaðra en nokkru sinni fyrr, vinningarnir eru hver öðrum glæsilegri. Hver mið kostar einungis 2.500 kr. og er til svo gríðarlega margs að vinna. Það verður sko enginn svikinn af sínun vinning!

Skemmtilegustu tónlistarmennirnir á Suðurlandi, þeir félagar Leifur Viðars og Magnús Kjartan, munu sjá um að halda fjörinu gangandi frá klukkan 22:00 til 24:00.

Hótel Selfoss og Hótel South Coast bjóða Bleika boðs gestum uppá tilboð á gistingu með morgunverði. Taka þarf fram við þóntun að um gesti Bleika boðsins sé að ræða.

Athugið að ef um stærri hópa er að ræða, er mögulegt að panta borð fyrirfram með því að senda messenger skilaboð á Krabbameinsfélag Árnessýslu á Facebook!

Við hlökkum mikil til að eiga skemmtilegt kvöld með ykkur!

Krabbameinsfélag Árnessýslu



**Krabbameinsfélag
Árnessýslu**

**BLEIKA
SLAUFAN**


Fyrsta steypan í Gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs

Fyrsti steypubíllinn er kominn með steypu í grunninn fyrir Gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs við Kirkjubæjarklaustur. Byggingin er hönnuð af arkitektastofunni Arkís. Jarðvegsframkvæmdir voru boðnar út haustið 2020 og var Digriklettur ehf. ráðinn til að vinna það verk. Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, bauð svo út byggingu gestastofunnar í mars 2021. Þeir sem áttu lægsta tilboðið voru Húsheild ehf. Verktakarnir eru nú mættir í Landbrotið með taki og tól, búinir að slá upp og fyrsta steypan komin í mótin.

Lóðin undir Gestastofuna er í landi Hæðargarðs, handan

Skaftár, beint á móti Kirkjubæjarklaustri. Magnús Þorfinnsson gaf lóðina. Gert er ráð fyrir brú yfir Skaftá, frá gestastofunni að Klaustri.

Byggingin er á einni hæð með kjallara undir hluta hennar. Lögð er áhersla á að byggingin falli vel að því hvernig landið er en í nágrenninu eru Landbrots-hólar. Á þaki gestastofunnar verður torf og þar er útsýnis-pallur. Útsýnið er mikilfenglegt: Systrafoss, Klaustur og Systrastapi, Kaldbakur blasir við, svo og austur- og vestur Síðan. Toppurinn er svo að á góðum degi er tveggja jöklar sýn; bæði sér til Vatnajökuls og Mýrdalsjökuls.



Gestastofan rís úr frá grunni. Myndin er tekin 15. október sl. Mynd LM.



BRJÓSTASKIMUN - KRABBAMEINSLEIT

Brjóstaskimun á vegum Landspítalans verður á Heilsugæslunni á Selfossi 8. - 17. nóv. 2021

Samhæfingarstöð krabbameinsskimana (SKS) sérlum allar boðanir og bókanir, ásamt því að senda svarbréf með niðurstöðum inn á [island.is](#), begar þær liggja fyrir. Síminn hjá SKS er 513-6700 og er opíð kl. 08:30-12:00. Utan þess tíma má senda tölvupóst á: krabbameinsskimun@heilsugaeslan.is

Athugið að einungis skal panta tíma ef þú hefur fengið í pósti boð um þátttöku í brjóstaskimun.

- ♥ Konur á aldrinum 40 til 69 ára fá boð um að mæta í brjóstaskimun á tveggja ára fresti.
- ♥ Konum 70 ára og eldri er frjálst að mæta í leit á tveggja ára fresti.
- ♥ Athugið að leghásskimun er ekki lengur unnin sem hópleit samhlíða brjóstaskimun. Þegar konur eru boðaðar í leghásskimun hafa þær samband við sína heilsugæslustöð og panta tíma hjá ljósmóður í leghásskimun.
- ♥ Hægt er að panta tíma í leghásskimun allt árið á heilsugæslustöð Selfoss en brjóstaskimun er einungis einu sinni ár ári.

Ef þú ert ekki viss hvort þú hafir fengið bréf getur þú farið inn á minar síður á [www.island.is](#) með rafrænum skilríkjum. Þar getur þú fundið upplýsingar um hvenær þú först síðast í skoðun og hvort þú ættir að mæta nú.

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fós. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Attu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundur
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



HANDAVINNUNÁMSKEID
Útsaumur, þrón o.fl. kl. 13:00 á
fimmtudögum, ef hæg þátttaka
fæst, kostar 500 kr. Uppl. og
skráning í síma 849 4107.

Fim. 21. okt. kl. 14:45

OPÍÐ HÚS

Kynning á starfsemi
Krabbameinsfélags Árnessýslu.

Fös. 22. okt. kl. 13:00 í Mörk

SNJALLSÍMA-/ TÖLVUNÁMSKEID

Skráningaráblöð liggja frammi í
Mörk og thorgoli@simnet.is eða
benjaminaage@hotmail.com.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELF OSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNA BÓKHALL

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfossi
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfossi
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**
Persónuleg þjónusta

**Krani
&
tæki**

Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa

Öll almenn jarðvegsvinna
og flutningar

Diddi Elli
S. 861 4966 S. 861 6700
fredi@simnet.is

FUNDIR

Vöfflukaffi

með HP kleinum

Vöfflukaffi verður nk.
laugardag á milli kl. 11 og
12 á Eyravegi 15, Selfossi.

Maður er manns gaman.

Allir velkomnir!

KIRKJUR

Selfosskirkja

Messa sunnudaginn 24. október
kl. 11:00. Kirkjukórrinn syngur,
organisti Edit A. Molnár. Prestur
Arnaldur Bárðarson. Sunnu-
dagaskóli á sama tími kl. 11:00,
umsjón Sjófn Þórarinsdóttir
ásamt leiðtogum.

Morgunbærir þriðju-, mið-
viku- og fimmtudaga kl. 9:15.

Kyrðarstund miðvikudaga kl.
17:00.

12 spora kynningarfundur
mánudaginn 18. október kl. 18.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 23. októ-
ber. Biblúlexír kl. 11 og guðs-
þjónusta kl. 12. Judel Ditta
verður með ræðu. Verið vel-
komin.

Þorlákskirkja

Sunnudagurinn 24. október 2021. Guðspjónusta kl. 11:00.
Sóknarprestur þjónar og Kór
Þorlákskirkju leiðir safnaðarsöng
undir stjórn Esterar Ólafsdóttur,
organista.

Sunnudagaskóli kl. 13:00. Við
tökum forskot á Þóllóween og
börnin mega mæta í náttfötum.
Umsjón með stundinni hafa
Harpa Vignisdóttir og Sigríður
Munda. Verum öll velkomin til
kirkju. Sóknarnefnd og sóknar-
prestur.

Skálholtskirkja

Messa kl. 11 sunnudaginn 24.
október. Prestspjónustuna annast
sr. Axel Á Njarðvík. Organisti
Jón Bjarnason. Verið velkomin.

BÍLAR

SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttigar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIETTUR

Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrismýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.

HEKLA
Hjólastillingar
Dekkja- og smurbjónusta
Sími 482 4069

ATVINNA

Vantar þig aðstoð með bústörfin?

Eldressir nemendur
á 2. ári í búfræði við
Landbúnaðarháskóla
Íslands bjóða fram vinnu
við hin ýmsu störf gegn
greiðslu í fjárlöfun fyrir
komandi útskriftarferð.

Ahugasamir hafi
samband við Vilborgu
Hrund í s. 869 4351.



Mynd: freepik.com

Skiptir álit mitt sem eldri borgari máli?

Á malþingi eldri borgara í Árborg sem halddi verður þann 27. október nk. verður hluti af dagskránni þáttökupingar þar sem íbúum sveitarfélagsins 60 ára og eldri verður boðið að taka þátt. Þáttökupingið gengur út á að ræða saman í litlum hópum um þemu er tengjast þjónustu og stefnumótun við aldraða í sveitarfélagini. Setið verður við borð og mun borðstjóri á vegum RR-ráðgjafar og starfsmenn sveitarfélagsins vera til aðstoðar og rita niður tillögur sem fram koma. Unnið verður með þemu sem tengjast mótin og þróun þjónustunnar. Til að móta þau sem tekin verða til umræðu verður tillögukassi í anddyri Grænumarkar 5 og á bókasafni Árborgar á Selfossi.

Heiða Ösp Kristjánsdóttir
deildarstjóri félagsþjónustu

Fyrirlestrar og samtal um makamissi

2. nóvember kl. 19:30

í Selfosskirkju

K. Hulda Guðmundsdóttir frá Sorgarmiðstöð flytur erindið: „Að missa makann – hvað hjálpar?“

9. nóvember kl. 19:30

í Selfosskirkju

Ólafur Teitur Guðnason flytur erindi og deilir eigin reynslu.

HEILSA

Húsnaði til leigu

70 fm hús til leigu timabundið.
Staðsett í fallegrí sveit 15 mín.
fyrir austan Selfoss. Jarðhæð:
Eldhús, stofa, salerni, anddyri.
Efri hæð: Svefnherbergi og bað-
herbergi. Geymsla. Sími 891
7336 eða 892 1340.

HEILSA

Energy Touch

- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Yoga Nidra Selfossi
20. okt.


Yoga Stokkseyri 4. nóv.

Yoga Nidra
netnámskeið 6. nóv.

Skráðu þig á heimasiðunni
www.thesunflower.is.

Ragnhildur

Sigurðardóttir
farsimi
693 2197



Cand.mag. i þróttarfæðum,
nálastungur, yoga,

NLP-master/coach,

nudlumeistari,

Hugræn aftersession meðferð,

meta medicine.

16. og 23. nóvember og kl. 19:30 í Selfosskirkju

Boðið verður upp á samtal um

sorg og sorgarviðbrögð vegna
makamisis og munu prestarnir

Ninnna Sif Svavarssdóttir og

Guðbjörg Arnardóttir leiða sam-
talið.

Fyrirlestrarnir eru öllum opnir,
enginn aðgangseyrir og ekki
þörf á skráningu en frekari
upplýsingar má finna hjá prest-
unum Guðbjörg Arnardóttur og
Ninnna Sif Svavarssdóttir. Þá
má benda á að á Facebook er að
finna hópinn „ekkjur og ekklar á
Selfossi og nágrenni“ og eru þau
sem það á við hvött til þess að
skrá sig í hópinn.



Milljarður á 30 sekúndum

Undanfarið kjörtímabil hefur samstarf í bæjarstjórn Hveragerðis verið með ágætum. Þó koma reglulega upp mál sem minni- og meirihluta greinir á um, sem telst nú nokkuð eðlilegt í hinu pólitísku umhverfi. Gott samstarf minni- og meirihluta í Hveragerði má einnig rekja lengra aftur í tímum en þess má geta að fjárhagsáætlun bæjarins hefur verið unnin sameiginlega síðasta áratug eða svo. Við þá vinnu hefur skapast taekifæri til að taka tillit til ólíksra sjónarmiða, bæjarfulltrúar hafa sett sig enn betur inn í stöðu mala í bæjarfélögnum sem og að bæjarstjórnin öll axli ábyrgð á fjárhagnum.

Sjálfstæðisflokkurinn í Hveragerði tekur upp veskið

Nú sem fyrr er vinna hafin að fjárhagsáætlunargerðinni, mál-efnin eru rædd og bæjarfulltrúar hvattir til að sína ráðdeild í rekstri á sama tíma og að bær í örum vexti þarf að fjárfesta.

A bæjarstjórnarfundi þann 14. október sl. var tekin fyrir fundargerð fræðslunefndar, sem eitt og sér telst ekki fréttnað nema fyrir þær sakir að við afgreiðslu hennar lagði meirihlutinn fram tillögu sem kom bæjarfulltrúum minnihlutans töluvert á óvart og hefur í för með sér gríðarlega fjárfestingu á vegum sveitarfélagsins. Meirihluti Sjálfstæðismanna lagði til að nú þegar yrði ráðist í hönnun á viðbyggingu við annan af leikskólum bæjarins sem og hönnun á nýjum leikskóla í Kambalandi. Tillaga var um að ákveðið fyrirtæki myndi sjá um hönnunina á báðum verkum. Tillagan mun þýða kostnað upp á um milljarð fyrir sveitarfélagið þegar yfir lýkur.

Skortur á samráði og faglegum vinnubrögðum

Hér er því um mjög stóra og kostnaðarsama ákvörðun að ræða og því er nauðsynlegt að vanda til verka við slíka ákvardanatökum. Að mati bæjarfulltrúa Okkar Hveragerðis og Frjálsra með Framsókn er eðlilegt að öllum bæjarfulltrúum sé gefinn kostur að skoða slík mál ofan í kjölinn. Því voru undirrituð afar ósátt við framsetningu tillögunnar. Eðlilegit er að málefni sem fela í sér svo stórar fjárhagslegar skuldbindingar fyrir bæjarfélagið fái góða og vanda umfjöllun í bæjarstjórn og séu því sérstakur dagskráliður í fundarboði bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúar minnihlutans óskuðu því eftir að tillögnumi yrði frestað til aukabæjarstjórnarfundar sem haldinn yrði í næstu viku svo að bæjarfulltrúar fengju tækifæri til að kynna sér málid og gætu tekið upplýsta ákvörðun. Pess má geta að fundarboð ásamt fundargögnum berast bæjarfulltrúum tveimur dögum fyrir bæjarstjórnarfund og er það gert til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundi, kynnt sér málin og tekið upplýsta ákvörðun.



Sjálfstæðisflokkurinn segir nei við vönduðum vinnubrögðum

Sjálfstæðisflokkurinn í Hveragerði felldi tillögu minnihluta Okkar Hveragerðis og Frjálsra með Framsókn um að fresta þessu málum nokkra daga. Þar með hafnaði Sjálfstæðisflokkurinn að allir bæjarfulltrúar gætu kynnt sér málid vel og tekið upplýsta ákvörðun. Sjálfstæðisflokkurinn hafnaði því vönduðum vinnubrögðum. Það er með ólíkindum að bæjarfulltrúar minnihlutans hafi ekki fengið taekifæri til að kynna sér málid fyrir fundinn, sér í lagi þegar hátt í milljarða fjárfesting liggur undir en meirihlutinn ákveður að fela tillögu sína eins og áður hefur verið getið. Íbúar Hveragerðis hljóta að spyrja hvers vegna Sjálfstæðisflokkurinn hafni því að stunda vönduð vinnubrögð við svo stórar ákvardanir?

Land kosningaskjálfattana

Rétt er að taka fram að undirrituð eru mjög meðvituð um nauðsyn þess að byggja upp innviði í ört stakkandi bæjarfélagi og vita að mikilvægt er að bregðast hratt við þegar ekki hefur verið hugað náð vel að slíkri uppbyggingu eins og í Hveragerði. A þetta hafa undirrituð oft bent á í umræðum á bæjarstjórnarfundum. Það er því öriltíl kosningalykt af þessum gjörningi meirihlutans. Virðist vera sem kominn sé kosningaskjálfati hjá Sjálfstæðisflokknum sem nú tekur upp penningaveskið rétt fyrir kosningar, án þess að vinna málid í samráði og samstarfi og án þess að gefa öllum bæjarfulltrúum tækifæri að kynna sér málin.

Bæjarfulltrúar Okkar Hveragerðis og Frjálsra með Framsókn töldu sig ekki geta tekið upplýsta ákvörðum á 30 sekúndum, eins og við vorum neydd til, um fjárfestingu sem felur í sér afleiddan kostnað upp á tæpan milljarð. Meirihlutinn með formann Sambands íslenskra sveitarfélaga í fararbroddi hafnaði tillögu minnihluta um að fresta málinu til aukabæjarstjórnarfundar að viku liðinni svo að hægt væri að taka upplýsta og yfirvegaða ákvörðun um mikilvæga upplýsingum í bæjarfélögnum.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir,
bæjarfulltrúi Frjálsra með
Framsókn í Hveragerði,
Njörður Sigurðsson og Sigrún
Árnadóttir
bæjarfulltrúar Okkar
Hveragerðis.



Penninn Eymundsson opnar á Selfossi

Ný verslun hefur opnað að Brúarstræti 6 í nýja miðbænum á Selfossi

Við bjóðum alla Sunnlendinga, jafnt einstaklinga sem fyrtæki, velkomin og hlökkum til að eiga við ykkur farsælt og ánaðjulegt samstarf í ykkar heimabyggð!



penninn.is
540-2316 / 540-2050

selfoss@penninn.is
penninn@penninn.is



Jólakvöldverður í sveitakyrrð

Einstök upplifun á aðventunni í hlýlegu umhverfi.

Jólakvöldverður 8.900 kr.

TILBOÐ Á MAT OG GISTINGU

14.900 kr. á mann í 2ja manna herbergi

18.500 kr. fyrir eins manns herbergi

Innfialið er jólakvöldverður ásamt morgunverðarhláðborði.

27. og 28. nóvember
3. og 4. desember
10. og 11. desember

Nánari upplýsingar
og borðapantánir á
info@eldhestar.is



Eldhestar, Vellir, 816 Ölfus • 480 4800 • info@eldhestar.is • www.eldhestar.is



Á myndinni sjást Gunnar Eiríksson frá Össuri og Borgþór Helgason fagstjóri málmiðngreina í FSu þegar gjöfin var afhent.

Heilmikill kraftur í vélvirkjadeild FSu

Veinspróf í vélvirkjun var haldið í FSu dagana 10. til 12. september. Fimm nemendur þeytu prófið sem skiptist í fjóra hluta. Fyrst var tekið tveggja tíma skriflegt próf úr öllu náms-efni síðustu þriggja ára með fjölbreyttum spurningum þar á meðal um burðarþol stáls og um réttindi og skyldur á vinnustað. Þá var hafist handa við smíðina og unnið í rennibekk og fræsara. Að lokum voru tekin suðupróf, bilanagreiningarpróf á stórrí díselvél og framkvæmdar slit-mælingar á vélum.

Þá var á dögum tekín í notkun smíðja eða það sem kallað er AFL og er það í fyrsta skiptið svo vitád sé að nemendur fá að hita stál í afli hér í skólanum. Mæltist þetta vel fyrir að sögn Borgþórs Helgasonar fagstjóra málmiðngreina og verður aflið keyrt í gang á næstu önnum sem kynning á gömlu hand-bragði. Svo gerðist sá merki atburður á síðustu vorönn að Títánium var rennt í fyrsta skipti hér í FSu. Títánium er mög dýrt efni og fækkt þessi öxulbútur sem gjöf frá stoðtækjafyrirtækini Össuri. Títánium er notað við smíði á gerviliðum í folk. Hjá Össuri starfa vélvirkjar og rennismiðir við smíði stoðtækja á sambærilegar vélar og eru í FSu. Þá gerðist það líka á vor-mánuðum að stór díselvél 28L -jöz.

Cummins var gangsett en hún er gjöf frá velunnurum skólans.

Önnur og sérlega glæsileg gjöf barst vélvirkjadeild FSu nú á dögum frá fyrirtækjunum Össuri og Formúla 1. Um er að ræða öxla úr áli, stáli og plasti sem nýtast við kennslu í rennismiði og CNC-kennslu. Einnig fengust að gjöf stálhaldari og renniplatti fyrir rennibekkina, fræsitennur, miðjuborar og fleira. Að sögn Borgþórs er þessi gjöf „gríðarlegur stuðningur fyrir vélvirkjadeild skólans en um er að ræða öxla og verkfæri í hæsta gæðaflokki. Stálhalararnir komu frá Stein-grími í Formúla 1 ehf. og heita Kennametal en Formúla 1 er helsti innflutningsaðili á verkfærum fyrir rennismiði og CNC-vinnslu á Íslandi.“

Öflugt samstarf hefur verið milli rafvirkjadeilda FSu, vél-virkjadeilda og Fablab við smíði á prentplötum og undir-stöðum fyrir Ardoino smátölvur. Voru notaðir CNC-tæki bæði í Fablab og vélvirkjadeild til þess að útbúa þessa hluti. Petta er í fyrsta skiptið sem CNC-tæknin er notuð til þess að búa til prent-plötur og leysir hún gamla tækni af hölmi. Þá skal að lokum nefna nýstárlega aðferð við kennslu í burðarþoli sem felst í notkun á þríviddarteikniforritinu Inventor.

-jöz



Bókakaffið
Opíð mán-lau frá 12-18

Einar Már
kynnir nýja bók

SKÁLDLEG AFBROTAFRÆÐI

á fimmtudagskvöld 21. okt. kl. 20
Kakó, smákökur og notaleg bóka-stemning.

15 ára 2006-2021



ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

*Efnissala
Rennismiði
Innréttningar
Járnsmiði*

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



HREINGERINGA-þjónusta Suðurlands ehf.

*Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland*



DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi

*Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistiðus
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Simkerfi o.fl.*

Sérhæfing - Pekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson **Vilmundur Sigurðsson**
Sími 694 4922 Sími 779 6777

Sprettur ÁBURÐUR



Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009



FROST
KÄLKERFI - FRÝSTKERFI
HÖNNUN - SALA - PJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavígerðir - Almennar raflagnir



prentmet
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is



D-H BÓKHALD

- Bókhaldspjónusta
- Skattskil
- Stofnun fyrirtækja
- Framtöl og ársreikningar
- Fyrirtækjarkráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708



Jílibíll
Siggaferdir

- Flutningþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010



BRAGT AF VINATTU!

Josera
PET FOODS

Fæst hjá BYKO Selfossi

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

480 8020



Bílasprautun - Bílaréttiðgáðar Bílruðuskipti



Bilverk BA

Par sem fagmennirnar vinna

★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnahjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 **696 2311** **Skrifstofa** **Pjónustusími**





FYLGD
Útfarahjónusta

Gisli G. Guðmundsson
Svanhildur Eiríksdóttir
Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is